

REGLUR

um varðveislu og ávöxtun eigna í umsjón Styrktarsjóða Háskóla Íslands

Samþykkt í háskólaráði Háskóla Íslands 2. september 2021

1. gr.

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands

Í vörslu Háskóla Íslands eru styrktarsjóðir sem að öllu jöfnu lúta sérstökum skipulagsskrám og hafa eftir atvikum sjálfstæða stjórn. Háskólaráð skipar stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands sem fer með varðveislu og ávöxtun eigna styrktarsjóða og gjafa til skólans í samræmi við skipulagsskrár eða fyrirmæli gefenda. Styrktarsjóðir í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands starfa til almannaheilla.

2. gr.

Skipun stjórnar

Háskólaráð skipar þrjá aðalmenn og einn varamann í stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands til þriggja ára í senn. Einn stjórnarmanna skal ekki vera starfsmaður Háskóla Íslands. Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi. Háskólaráð ákveður hver gegni starfi formanns.

3. gr.

Verkefni stjórnar

Stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands fer með varðveislu og ávöxtun eigna tilgreindra styrktarsjóða Háskóla Íslands fyrir hönd skólans. Stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands hefur heimild til að taka við gjöfum til Háskólans og annast vörslu og ávöxtun þeirra.

Stjórn ávaxtar eignir styrktarsjóða í umsjón Styrktarsjóða Háskóla Íslands í framseljanlegum verðbréfum í samræmi við fjárfestingastefnu sem stjórnin setur og samþykkt er af háskólaráði.

Stjórn hefur umboð til að ganga frá samningum við einn eða fleiri fjárvörsluaðila um ávöxtun fjármuna styrktarsjóðanna.

Stjórn er heimilt að hlutast til um breytingu, slit eða sameiningu sjóðs hafi aðstæður breyst þannig að markmiðum sjóðsins verði ekki náð eða stjórn ekki verið skipuð samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár, í samræmi við óskir stofnenda og/eða stjórn viðkomandi sjóðs, ef unnt er.

Stjórn er heimilt að hlutast til um stofnun sjóða og gjafir sem gefnar eru Háskólanum.

Stjórn skal árlega yfirfara fjárfestingastefnu Styrktarsjóða Háskóla Íslands og gera tillögur til háskólaráðs um breytingar, telji hún tilefni til þess. Stjórn skal árlega gefa háskólaráði skýrslu um stöðu styrktarsjóðanna og styrkveitingar úr þeim. Á vef Háskóla Íslands skal birta yfirlit yfir sjóði sem heyra undir Styrktarsjóði Háskóla Íslands og skipulagskrá þeirra, fjárfestingastefnu, sameiginlegan ársreikning og úthlutunir.

4. gr.

Störf stjórnar

Stjórnarformaður boðar til stjórnarfunda og stýrir fundum. Stjórnarformaður getur falið umsjónaraðila Styrktarsjóða Háskóla Íslands að boða til stjórnarfunda í sínu umboði. Fundi skal einnig halda að ósk einstakra stjórnarmanna. Afl atkvæða ræður ákvörðun. Færa skal í fundargerðabók þær ákvarðanir sem teknar eru og annað markvert sem gerist á stjórnarfundum. Fundargerðir stjórnar eru ekki birtar.

5. gr.

Daglegur rekstur

Með stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands starfar umsjónaraðili sem annast daglegan rekstur Styrktarsjóða Háskóla Íslands og vinnur með styrktarsjóðum í umboði stjórnar ásamt fjármálastjóra Háskóla Íslands. Laun umsjónaraðila og stjórnar skulu greidd sameiginlega af Styrktarsjóðum Háskólans sem heyra undir þessar reglur. Fjármálastjóri Háskóla Íslands fer með prókúru Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Stjórn hvers styrktarsjóðs annast úthlutun úr viðkomandi sjóði í samræmi við skipulagskrá og í samstarfi við umsjónaraðila Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

6. gr.

Ársreikningar og endurskoðun

Bókhald sjóðanna er sjálfstætt og lýtur endurskoðun löggilts endurskoðanda. Reikningsár sjóðanna er almanaksárið. Háskólaráð skal tilnefna endurskoðanda sem endurskoðar reikninga styrktarsjóða í umsjón Styrktarsjóða Háskóla Íslands árlega. Senda skal Ríkisendurskoðun sameiginlega ársreikning Styrktarsjóða Háskóla Íslands ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðanna hefur verið ráðstafað eigi síðar en 30. júní ár hvert.

7. gr.

Gildistökuákvæði

Reglur þessar taka þegar gildi. Við gildistöku reglna þessara falla úr gildi fyrri reglur um stjórnun, varðveislu og ávöxtun eigna Styrktarsjóða Háskóla Íslands sem samþykktar voru á fundi háskólaráðs 26. júní 2002.